

Nd.

401. Frumvarp til laga

[200. mál]

um breyting á lögum nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Fiskveiðar í landhelgi við Ísland mega íslenzkir ríkisborgarar einir reka, og má aðeins hafa íslenzka báta eða íslenzk skip til veiðanna. Fiskverkunarstöðvar og fiskiðjuver á Íslandi mega íslenzkir ríkisborgarar einir eiga og reka.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og íslenzkum lögum nú er háttað, þurfa útlendingar ekki nema búsetu til að geta átt og rekið atvinnufyrirtæki á Íslandi. Þó var á Alþingi 1922 gerð ein mikilvæg undantekning frá þessari reglu. Þá voru sett lög um rétt til fiskveiða í landhelgi við Ísland. Samkvæmt þeim var svo ákveðið, að aðeins íslenzkir ríkisborgarar mættu eiga og reka skip, sem hefðu rétt til veiða í landhelginni.

Ástæðan til þess, að sett voru strangari ákvæði um fiskveiðar, hvað atvinnuréttindi útlendinga snerti, en aðrar atvinnugreinar, var einfaldlega sú, að fiskveiðar voru þá sú atvinnugrein, sem útlendingar töldu eftirsóknarverðast að reka hér á landi. Aðrar atvinnugreinar voru í miklu minni hættu fyrir ásókn þeirra. Það var mönnum einnig ljóst, að fiskveiðarnar væru sá undirstöðuatvinnuvegur, sem Íslendingar ættu einir að annast á allan hátt.

Síðan þessi lög voru sett, hafa orðið miklar breytingar á atvinnuháttum, ekki sít í sambandi við fiskverkun og fiskiðnað. Þetta veldur m. a. því, að frá sjónarmiði erlendra fjármálamanna er nú ekki minna eftirsóknarvert að eiga hér fiskvinnslustöðvar og fiskiðjuver en að stunda fiskveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Í mörgum tilfellum gæti það reynzt þeim auðveld bakdryraleið til þess að reka veiðar innan fiskveiðilandhelginnar.

Þessarar ásóknar þeirra hefur þegar orðið vart á ýmsan hátt og þó ekki sít í sambandi við þær umræður, sem hafa orðið um hugsanlega aðild Íslands að Efnahagsbandalagi Evrópu.

Af þessum ástæðum er það orðið nauðsynlegt, að látin séu gilda sams konar ákvæði um eignarrétt og rekstur fiskvinnslustöðva og um sjálfar fiskveiðarnar. Því er lagt til með frv. þessu, að það skuli ekki aðeins gilda um skip, sem stunda veiðar innan fiskveiðilandhelginnar, að þau verða að vera eign Íslendinga einna og rekin af þeim einum, heldur skuli það einnig gilda um allar fiskvinnslustöðvar og öll fiskiðjuver, sem hér eru.

Það er augljóst sjálfstæðismál, að þessar tvær mikilvægu atvinnugreinar, fiskveiðarnar og fiskiðnaðurinn, séu í höndum Íslendinga einna. Efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar væri illa komið, ef þessar atvinnugreinar kæmust meira eða minna í hendur útlendinga. Þetta verður ekki sít ljóst, þegar þess er gætt, að fiskiðnaðurinn er vafalítið sú atvinnugrein, sem á fram undan einna mesta vaxtarmöguleika allra íslenzkra atvinnugreina.

Vafalítið þarf að setja enn frekari lagaákvæði því til tryggingar, að fiskveiðarnar og fiskiðnaðurinn verði í höndum Íslendinga. Því hafa nokkrir þingmenn Framsóknarflokksins lagt fram þingsályktunartillögu um heildarendurskoðun allra lagaákvæða, er snerta atvinnuréttindi útlendinga hér á landi. En þó að slík athugun fari fram, dregur það ekki úr nauðsyn þess, að strax verði látin gilda sömu ákvæði um fiskiðnaðinn og fiskveiðarnar til tryggingar því, að þessar atvinnugreinar verði jafnan í höndum Íslendinga einna.